



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Heiðarborg

2023 – 2024



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	4
1 Greinargerð leikskólastjóra	4
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023	7
2.1 Innra mat	7
2.2 Ytra mat	8
2.3 Umbótaáætlun leikskólans	9
3 Innra mat deilda	10
3.1 Brekka	10
3.2 Lundur	12
3.3 Laut	14
3.4 Bali	16
4 Innra mat sérkennslu	18
4.1 Umbótaáætlun sérkennslu 2023-2024	19
5 Innra mat – fjöltyngd börn	20
5.1 Umbótaáætlun –fjöltyngi 2023-2024	21
6 Starfspróunarsamtöl og fræðsla	22
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	23
8 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	24
9 Fylgigögn	26
9.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	26



Leiðarljós leikskólans



Vinátta er mjög mikilvæg í leikskólanum. Að finna fyrir vinarþeli og að fá að njóta styrkleika sinna.

Gleði á alltaf að vera leiðarljós í leik og vinnu með börnum því þannig dafna börnin best.

Virðing fyrir öðrum er grundvöllur þess að öllum líði vel og lífið sé sem mest laust við árekstra.

1 Greinargerð leikskólastjóra

Þetta fyrsta skólaár með nýjum leikskólastjóra gekk heilt yfir vel. Auðvitað komu upp krefjandi mál sem taka þurfti á, svo sem eins og óvæntar starfsmannabreytingar og veikindi starfsmanna er sköpuðu tímabundið álag, sem allt þó blessaðist að lokum. Heiðarborg státar af mjög svo frambærilegu starfsfólki sem sumt hvað hefur starfað lengi hjá okkur. Í hópnum eru kennarar af öllum skólastigum, þroskaþjálfari og Háskólanemar að ekki sé minnst á Eflingarstarfsfólkið okkar sem margt er hokið af reynslu, hugmyndaríkt og mjög áhugasamt.

Við erum svo lánsöm að hafa ungt fólk með ferskar hugmyndir, einstaklinga sem eru tilbúnir að prófa hlutina en þar á meðal eru tvær sem luku leikskólakennaranáminu núna í vor. Þessar tvær hafa haft góð áhrif á starfið og kennt okkur hinum mjög margt. Innleiðing fagfunda er eitt af því sem þær hafa hrint af stað en markmið með fundunum er að valdefla starfsfólkið og auka fagvitund þess. Fundirnir, sem eru í anda lærdómssamfélagsins, eru í 30-45 mínútur í senn og er sami fundurinn haldinn tvisvar í sömu vikunni svo sem flest starfsfólk geti sótt hann.



Í lok ágúst og fram í september færðum við börn á milli deilda og tókum á móti 21 nýju barni í skólann. Aðlögunin tók sinn tíma eins og eðlilegt er og barnahópurinn stýrði ferðinni hvað það varðar. Um mitt haustið voru öll börnin búin að kynna starfsfólki og staðhátum, orðin örugg, sátt og ánægð í leikskólanum.

Í desember kom svo veturinn af krafti með miklum frosthörkum svo ekki var hægt að fara út suma daga en þá fundum við okkur bara eitthvað skemmtilegt að gera inni. Frostið hafði líka þau áhrif að vatnið fraus í leiðslunum svo setja þurfti fimm kröftuga hitablásara upp á loftin. Þessi tími var erfiður enda kalt í þeim hluta húsnæðisins þar sem aðstaða starfsmanna er, það er kaffistofan,



undirbúningurinn, skrifstofan og eldhúsið en sem betur fer hélst hitinn hjá börnunum.

Einhvern vegin tókst okkur að þreyja þorrann með von um betri tíð með blóm í haga.

Ekki voru þó öll kurl komin til grafar hvað húsnæðið varðar því leki kom upp á Brekku svo litlu stýrin



okkar þar þurftu að fara annað. Börn og starfsfólk Lautar voru svo elskuleg að lána Brekkubörnunum deildina sína og fara sjálf í salinn svo allt gekk upp og ekki þurfti að senda eitt einasta barn heim á meðan viðgerðir stóðu yfir. Fara þurfti inn á allar deildir til að laga gluggana í útskotunum og stóð þetta ástand yfir í rétt rúman mánuð.

Heiðarborg tók þátt í þróunarverkefni um innra mat ásamt öðrum leikskólum, sem tilheyra austurmiðstöð. Markmið verkefnisins var að innleiða eða efla innra mat leikskólanna. Heiðarborg hefur haft gott innra

mat í yfir tíu ár en í kjölfar þróunarverkefnisins uppfærðum við matsnefndina t.d. með því að bjóða foreldri inn. Matsáætlunin okkar er skipulögð fimm ár fram í tímann og er þá endurskoðuð og gerð upp á nýtt. Veturinn 2022-2023 var einmitt fimmta árið svo nú er áætlunin í endurskoðun fyrir næstu fimm ár.

Börnin fengu nokkrar heimsóknir í leikskólann og má þar t.d. nefna Maxímús Músíkús sem kynnti okkur heim tónlistarinnar, Grýlu og leikrit í tösku að ógleymdum jólasveinunum sjálfum. Það er alltaf gaman að brjóta upp hinn hefðbundna dag, fá fólk í heimsókn eða fara eitthvert í heimsókn. Eins og gefur að skilja fara yngstu börnin í fæstu ferðirnar og elstu í flestu en allir fá eitthvað við sitt hæfi.

Utanhald um frjálsa leikinn, svo kallað flæði (á milli deilda), hefur lengi verið í þessum skóla en lá niðri á tímum covid. Áhugi var fyrir hendi að byrja aftur og þá eftir hádegið frekar en fyrir hádegið en þar sem sumir voru efins um að eftir hádegið myndi henta var ákveðið að gera smá tilraun. Í byrjun febrúar var boðið upp á flæði einn dag í viku eftir hádegið í fjórar vikur og síðan fyrir hádegið í aðrar fjórar vikur. Mjög fljótlega komu kostir þess að hafa flæðið eftir hádegið í ljós, börnin voru glaðari og léku sér meira og niðurstaða á mati barnanna var að þau vildu hafa flæðið oft.

Leikskólinn okkar er lítið samfélag þar sem börnin fá að þroskast og æfa sig áður en þau þurfa að takast á við allt samfélagið í heild sinni. Þetta litla samfélag

samanstendur af, auk barnanna, foreldrum, starfsfólki og fleirum sem við bjóðum inn fyrir. Okkur í Heiðarborginni finnst þörf á að efla foreldrasamstarfið svo að foreldrar upplifi að þeir geti haft áhrif á



starfið og séu að taka þátt í því. Einn starfsmaður skólans gerði litla könnun á meðal foreldra og var niðurstaðan sú að þeir vildu þekkja hvert annað betur og koma oftar í leikskólann. Í kjölfar könnunarinnar var ákveðið að bjóða foreldrum upp á að koma einu sinni í viku og borða morgunmat með börnum sínum, eiga notalega stund og spjalla við aðra foreldra, starfsfólk eða börn. Þetta hefur, heilt yfir, komið vel út og gaman að fylgjast með samræðunum og sjá og heyra gleðina sem myndast við borðin. Fleiri hugmyndir eru á teikniborðinu komnar frá foreldrum sem og starfsfólki.

Við horfum björtum augum á framtíðina og erum staðráðin í að gera góðan skóla enn betri.



2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023

Mat á starfi leikskólans er ætlað að stuðla að umbótum og auknum gæðum. Matið tekur mið af markmiðum og gildum úr aðalnámsskrá leikskóla 2011.

2.1 Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Haustönnin	Endurmatslisti	Starfsmenn	Heilt yfir gekk vel. Skoða betur samsetningu barnahópsins á eldri deildum t.d. varðandi fjöltyngi. Opna á hádegi eftir sumarfrí. Bæta upplýsingaflæðið
Stjórnunarhættir (tækifæri til umbóta)	Starfsþróunar-samtöl	Starfsmenn	Gengur vel, gott skipulag og starfsfólkið vinnur vel saman á deildunum. Mættum hittast oftar utan vinnutíma og veita nýju fólki betri stuðning
Blær, flæði, ferð í Sorpu (viðhorfskönnun barna)	Með samtölum	Elstu börnin	Hafa flæðið oftar og bjóða upp á útiflæði
Vorönnin	Endurmatslisti	Starfsmenn	Gengið vel að flestu leiti. góð samvinna milli deilda, starfsfólk mætti vera virkara í sameiginl. söngstundum
Rými og búnaður	Ecers listi	Starfsmenn	Meðaltalið 4,9 (af 7) vantar betri aðstöðu fyrir rólegheit og slökun. Ósk um málningartröður og mottur á Bala, bæta aðstöðu fyrir vatns- og sandleiki. Felliborð í stað bananaborðsins á Brekku
Sérkennslan	Endurmatslisti	Sérkennsluteymi	Niðurstöður góðar. Góð menntun í sérkennsluteyminu, einstaklingnámsskrá gerð og uppfærð reglulega, starfsfólk upplýst um þau börn sem eru með sérþarfir.
Samstarf við heimili barna af erlendum uppruna	Deildarlisti	Starfsfólk	Samstarf almennt gott en má athuga hvernig foreldrarnir eru að upplifa það. Vinna meira með heimamenningu barnanna t.d. bjóða þeim að koma með e-ð að heiman til að segja frá. Búa til einfalda orðabók með helstu orðum í daglegu máli á móðurmáli barns og íslensku.



2.2 Ytra mat

Hvað var matið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Barnið og starfið	Könnun á vegum borgarinnar	Foreldrar	Ánægja með samskipti og viðmót en börnin mættu fá fleiri tækifæri til að skapa frá grunni.
Foreldrar og starfið	Könnun á vegum borgarinnar	Foreldrar	Ánægja foreldra með samstarf við skólann hefur aukist
Stjórnun og stefna	Könnun á vegum borgarinnar	Foreldrar	Ánægja með stjórnunna en stefnan mætti vera skýrari
Upplifun af leikskólanum	Könnun á vegum borgarinnar	Foreldrar	Almenn ánægja og foreldrar geta mælt með Heiðarborg
Stjórnun	Könnun á vegum borgarinnar	Starfsmenn	Starfsfólk getur leitað til næsta yfirmanns og það er skýrt til hvers er ætlast.
Vinnuskilyrði	Könnun á vegum borgarinnar	Starfsmenn	Vinnu- eða skrifstofurými þarf að laga sem og kaffiaðstöðu starfsfólks
Sjálfstæði í starfi	Könnun á vegum borgarinnar	Starfsmenn	Starfsfólki finnst það hafa mikil áhrif á hvernig starfið er unnið og hafa góð tæk á starfi sínu.



2.3 Umbótaáætlun leikskólans

	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Endurmat	Viðmið um árangur
Stjórnun					
	Auka upplýsinga-flæðið	Skrá alltaf fundargerð, skrifa á tilkynningatöflu og/eða koma upplýsingum beint til starfsmanna	Stjórnendateymi	Könnun meðal starfsmanna vorið 2024	Starfsfólk upplifi sig upplýst
	Bæta móttöku nýrra starfsmanna	Nýr starfsmaður fái stuðningsaðila úr starfsmanna-hópnum	Skólastjórnendur	Könnun meðal nýrra starfsmanna þremur mánuðum eftir að þeir hefja störf	Nýir starfsmenn upplifa að vel hafi verið tekið á móti þeim.
	Gera stefnuna skýrari	Hafa stefnuna upp á veggjum, setja hana inn í orðræðuna	Skólastjórnendur	Könnun meðal foreldra vor 2024	Fleiri segist þekkja stefnuna miðað við niðurstöður síðustu könnunar.
Uppeldis- og menntastarf					
	Bæta vinnu með heimameningu barnanna	Börnin komi með hlut að heiman til að segja frá	Stjórnendateymi	Könnun meðal starfsfólks vor 2024	Að niðurstaða könnunar sé jákvæð
	Bæta sköpunina	Börnin fái fleiri tækifæri til að skapa frá grunni	Stjórnendateymi	Könnun meðal foreldra vor 2024	Jákvæðari niðurstöður en vor 2023
Mannauður/ Leikskólabragur					
	Auka þátttöku foreldra	Fá foreldra með í ýmis verkefni og leita eftir hugmyndum frá þeim.	Stjórnendateymi	Foreldrakönnun vor 2024	Að foreldrar upplifi að þeir hafi áhrif á leikskólastarfið
Innra mat					
	Uppfæra fimm ára áætlun	Áætlun fyrir næstu fimm ár sé tilbúin	Matsteymi	Okt.2023	Listinn tilbúinn



3 Innra mat deilda

3.1 Brekka

Aðlögunin hófst í lok ágúst og gekk alveg ágætlega. Á deildina komu tólf börn öll fædd 2021 og voru tvö þeirra nýlega orðin eins árs þegar þau byrjuðu. Haustið fór í að kynnst börnunum, kenna þeim að vera í leikskóla, sitja í samveru, bíða eftir ávöxtum og aðlaga þau að deildinni sem og útisvæðinu. Lubbi, vinur okkar, sem kennir okkur framburð stafanna, þurfti aðeins að bíða en það kom að því að hann fékk líka að kynnst börnunum og börnin honum. Byrjað var á stuttum og einföldum Lubba-stundum.



TMT táknið voru kynnt og í hverri viku, allan veturinn, tókum við fyrir ca 3-4 táknið, svokölluð Tákni vikunnar og voru þau tengd ákveðnu þema eða árstíð. Það kom vel út að setja táknið undir skápinn fyrir ofan skiptiborðið og voru börnin alltaf spennt að fá nýja bleyju og sjá nýjar myndir.

Fyrstu verkefni vetrarins voru haust- og vinaverkefni sem fóru í ferilmöppurnar og börnin lærðu lögin afi minn og amma mín, fimm litlir apar, einn og tveir og þrír, tombai, tombai og ramm samm samm.

Í nóvember fór deildarstjórinn síðan í barneignarfrí og nýr tók við.

Er leið á veturinn kynntum við Blæ til sögunnar og hvert barn fékk sinn bangsa. Starfsmaður á deildinni fór á Blæ-námskeið eftir áramót og var taskan hans Blæs og Blæ-stundirnar með börnunum endurskipulagðar í kjölfarið.

Í þessu máli, læsi og málrækt vorum við með bókaorm sem virkaði þannig að pabbi og/eða mamma lásu fyrir barnið heima, það var skráð á lítinn miða sem mótaði orm á einn vegginn á deildinni.

Á bangsadegi komu börnin í náttfötum og máttu koma með einn bangsa að heiman, síðan var horft á leikrit í salnum sem krakkarnir á Bala sýndu.



Við byrjuðum snemma að gera jólagjafirnar (giftsplatta) og börnin máluðu síðan poka utan um gjöfina. Þá gekk vel að föndra fyrir jólin. Börnin máluðu og skreyttu jólatré, gerðu bjöllu og hristu.

Brekka tók þátt í jólaflæði, ásamt öðrum börnum leikskólans, þar sem í boði var meðal annars að mála piparkökur.

Piparkökumálunin var vinsæl og bragðgóð því flestar kökurnar fóru beint í litla munna eftir skreytingu.

Í desember var mjög kalt og fórum við lítið út en börnin fengu í staðinn að leika sér með bolta og gera æfingar í salnum.






Í byrjun árs 2023 hófst þemað ljós og skuggi og börnin léku sér með vasaljós, ljósaborð og fleira sem okkur datt í hug.

Öll börn komu með myndir af fjölskyldunni sem settar voru á blað og ættartré gert fyrir hvert og eitt barn. Þetta tókst vel og börnunum fannst gaman að skoða – eitthvað sem mætti gera strax að hausti.

Á fyrsta degi eftir páska þurfti Brekka að færa sig um set vegna framkvæmda á deildinni. Lautin bauð okkur deildina sína og vorum við þar fram í byrjun maí. Börnin voru fljót að aðlagast nýjum stað og allt gekk ótrúlega vel.

Í fuglaþemanu tókum við krumma fyrir, gerðum krummagrímur og sungum krummalög og í maí skoðuðum við önnur dýr, lásam dýrabækur og sungum lög um hin ýmsu dýr. Það kom vel út að hafa bók vikunnar og lag vikunnar og er ætlunin að reyna að halda því skipulagi í haust.

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Endurmat	Viðmið um árangur
	Börnin læri að deila dóti og eigi góð samskipti.	Hvetja börnin til að leysa málin.	Deildarstjóri og allir starfsmenn deildarinnar.	Deildarfundur í okt 2023 og mars 2024	Börnin beri virðing fyrir hvort öðru. Vinátta og friður
	Starfsfólk tileinki sér agastefnuna	Starfsmenn samræmi reglur og vísi í agastefnu.	Deildarstjóri	Á deildarfundum	Starfsfólk noti frásagastefnunnar
	Að efla Blæ fyrir deildina	Skipuleggja Blæ stundir	Sonja	Á deildarfundum des 2023 og Maí 2024	börnin kunnir æfingar
	Taka Lubba markvisst fyrir	Fylgja eftir áætlun Lubba .	Allir starfsmenn deildarinnar	Á deildarfundum vor 2024	Börnin taki þátt í Lubbastundum
	Auka notkun TMT	Skipuleggja tákni vikunnar markvisst og gefa börnunum tákni og vera dugleg að nota þau.	Allir starfsmenn deildarinnar	Desember 2023 og maí 2024	Börnin tileinki sér tákni.
	Nýta þau þema sem eru skipulögð í leikskólanum og kenna börnunum hluti í kringum það til að styrkja greindir barnsins	Kennd eru orð tengt þema, fönndrað, sungið og lesnar bækur. Bók og lög vikunnar. Búa til ættartré	Deildarstjóri og allir starfsmenn deildarinnar.	Á deildarfundum í nóv. 2023 og mars 2024 Á deildarfundum í lok sept 2023	Að börn tileinki sér nokkur orð og læri lög.



3.2 Lundur

Árið 2022-2023 var ansi viðburðaríkt. Aðstæður einkenndust af ákveðnu ójafnvægi sem myndaðist að hluta til vegna þess að tveir kjarnastarfsmenn deildarinnar voru í námi og það þurfti að leysa með öðru starfsfólki sem olli töluverðu áreiti og óvissu fyrir deildina. Í upphafi skólaársins kom inn nýr hópur barna á Lund, sum þeirra af yngri deild leikskólans meðan önnur voru að hefja leikskólagöngu sína í fyrsta sinn. Aðlögunin tók lengri tíma en venjulega en þegar hún var yfirstaðin vorum við komin með flotta deild, fulla af skemmtilegum og uppátækjasömum krökkum.



Velferð og líðan barna:

Þetta árið voru öll börn deildarinnar fædd árið 2020 og aldurssamsetningin álík því sem hafði verið árið á undan. Eins og segir hér að ofan var aðlögunin nokkuð strembin en að mati starfsmanna gæti hluti ástæðunnar verið hversu mörg ný börn hófu aðlögun á sama tíma en auk þeirra voru börn sem höfðu komið til okkar af yngstu deild leikskólans og þurftu einnig á okkur að halda. Því þætti okkur gott ef minni hópar yrðu teknir inn á næsta ári svo við gætum raunverulega gefið okkur öll að því að byggja upp öryggi og traust þeirra í nýju umhverfi, þá væri hægt að prófa sig áfram með lykilpersónur meðan á aðlögun stendur.



Það veitti okkur mikla ánægju þegar morgunverðir með foreldrum hófust einu sinni í viku eftir áramót. Þátttaka og mæting foreldra í tilrauninni var áberandi góð og við fundum hvernig samskipti okkar við þá jókst með hverri viku. Þá þóttu börnunum gaman að kynna foreldra sína fyrir deildinni og vinum sínum. Við myndum vilja halda áfram með þetta skemmtilega verkefni.



Samskipti og málörvun:

Líkt og fyrr í ár hefur málörvun verið álitin ein af undirstöðum starfsins á Lundi, þá sér í lagi vegna ungs aldurs barnanna. Til þess að ýta undir gæðamálörvun á deildinni eru verkfæri á borð við Tákni með tali, Lubbi finnur málbein og Gefðu 10 nýtt ásamt því sem ný orð eru reglulega lögð inn, bækur eru lesnar í hópum og einstaklingsstundum, leikrit sýnd og hlustað er á fjölbreytt efni. Til að fylgjast með samskiptum innan deildarinnar hefur Blær verið notaður sem og listi Vöndu Sigurgeirsdóttur.




Ýmis verkefni:

Ýmislegt hefur verið gert á árinu. Við vorum sérlega hamingjusöm að fá að taka þátt í flæði með eldri deildum leikskólans og hlökkum til að halda því samstarfi áfram á næsta ári. Við hefðum viljað vinna meira með sköpun á deildinni í hinum ýmsu myndum og viljum við leggja meiri áherslu á hana í framtíðinni, þá náðum við ekki markmiði okkar um að búa til Listavegg þar sem verk barnanna væru höfð sýnileg í þeirra hæð og því munum við stefna að því áfram.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Endurmat	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
 <p>FÉLAGSFÆRNI Samfélagsleg ábyrgð og virkni</p>	Að efla og innleiða Blæ fyrir nýju börnin.	Halda áfram með vináttu verkefnið „Blær“ og efla föstu liði þess.	Allir starfsmenn deildarinnar.	Febrúar 2024.	Umræður á deildarfundi.	Að starfsfólk upplifi að börnin nýti sér námsefnið í daglegu starfi.
	Að fjölmening sé sýnilegri þáttur daglegs starfs deildarinnar.	Að grípa þau tækifæri sem gefast daglega til að beina athygli að mismunandi menningu.	Allir starfsmenn deildarinnar.	Febrúar 2024.	Umræður á deildarfundi.	Að áhugi barnanna á fjölmeningu aukist.
	Að barn fái gæðatíma með starfsmanni. Að barn fái að njóta sín sem einstakt.	Taka fyrir verkefnið <i>Gefðu 10</i> og fylgjast með lista yfir barnahópin daglega.	Allir starfsmenn deildarinnar.	Á þriggja mánaða fresti.	Umræður á deildarfundi; Fara yfir lista Vöndu Sigurgeirsdóttur.	Að í 85% tilfella hafi starfsmaðurinn notað Gefðu 10 daglega.
	Að styðja við og efla samfélagið innan leikskólans. Það nær til foreldra, barna, starfsfólks og nærumhverfisins.	Halda áfram með morgunverði með foreldrum, byggja upp jákvætt samstarf og skoða nærsamfélagið.	Allir starfsmenn deildarinnar.	Á sex vikna fresti.	Umræður á þriðja hverjum deildarfundi.	Farið verður yfir lista yfir foreldra og þess gætt að allir foreldrar eigi góð og traust samskipti við einhvern starfsmann á deildinni.
 <p>SJÁLFSÆFLING Sterk sjálfsmynd og trú á sigin getu</p>	Að efla þátttöku barnanna í ákvarðanatöku og hönnun leikskólasamfélagsins.	Hrinda í framkvæmd verkefnum á borð við Listavegginn, samskiptabækur og eða albúm.	Allir starfsmenn deildarinnar.	Apríl 2024.	Umræður á deildarfundi.	Að starfsmenn upplifi að börnin séu örugg með að láta hugmyndir sínar og skoðanir í ljós.
	Draga úr streitu barna og starfsfólk á aðlögunartíma	Að taka inn minni hópa í aðlögun	Stjórnendur	Október	Umræður á deildarfundi	Að börn og starfsfólk upplifi ró og öryggi
	Prufa sig áfram með lykil persónur á meðan á aðlögun stendur	Að hverju nýju barni sé fylgt náið eftir af ákveðnum starfsmanni sem gefur sig sérstaklega að því	Deildarstjóri	Október	Umræður á deildarfundi	Að nýju börnin myndi fljótt örugg tengsl við einhvern starfsmann



	Að efla sköpun á deildinni.	Virkja fjölbreytta sköpun innan deildarinnar, til dæmis tónlist og listsköpun.	Allir starfsmenn deildarinnar.	Desember 2023 og maí 2024.	Umæður á deildarfundi.	Að starfsmenn telji að verið sé að leita leiða til að vinna að sköpun á deildinni.
---	-----------------------------	--	--------------------------------	----------------------------	------------------------	--

3.3 Laut

Starfsveturinn 2022-2023 var heilt yfir ágætur, deildin fullmönnuð og engin langtíma veikindi.

Um haustið var mikið að gera hjá Regnbogahóp, það var farið á sinfóníutónleika, Sorpa var heimsótt eftir langt hlé og Árbæjarsafnið líka. Þá kíkta hópurinn í Bókasafnið í Selásskóla og svo var farið reglulega í hina skemmtilegu heimahaga, sama hvernig viðraði. Umhverfisfundir voru að jafnaði einu sinni í mánuði þar sem farið var yfir hin ýmsu umhverfismál eins og t.d. flokkun á rusli, hvernig við getum búið til rafmagn, gróðursetningar og fleira. Krakkarnir fengu ábyrgðarhlutverk og skiptust á að vera flokkunarstjórar.

Í september fór Stjörnuhópur á námskeiðið „Hugrakkir krakkar“, sem var mikil og skemmtileg upplifun og Skýjahópur fór á bókasafnið í Árbænum en þar er alltaf tekið vel á móti okkur.

Persónubrúðurnar Marco og Kolbrún komu til okkar og fræddu okkur um málefni eins og móðurmálið okkar og fatlanir, fjölskyldugerðir og fleira samkvæmt barnasáttmála sameinuðu þjóðanna, einnig var unnið reglulega með Lubba og máhljóðin og sömu sögu má segja um Blæ og vináttuverkefni Barnaheilla. Í desember tókum við pásu á skipulagðri dagskrá skólans og nutum aðventunnar eins og við gátum. Við tókum þátt í samfélagsverkefninu „Jól í skókassa“ og söfnum jólagjöfum fyrir börn í Úkraínu, við bjuggum til jólaskraut og höfðum það notalegt.



Janúar kom með Þorrann og við lærðum um lífið í gamla daga. Við buðum karlmönnum í lífi okkar í þorrakaffi sem var mjög vel sótt, rafmagnslaus dagurinn var haldinn í byrjun janúar og svo lékum við okkur með ljós og skugga. Tannverndarvikan í febrúar var með ýmsum tannverkefnum og síðan héldum við upp á Konudaginn með Góukaffi og ekki var minni ásókn á þann viðburð. Elstu börnin tóku þátt í barnamenningarhátíðinni í apríl og sungu í Hörpu.

Við vorum mikið í að mála, skapa, perla og spila, sumir voru að vefa og elstu börnin voru í skólastund einu sinni í viku. Öll börnin fóru í íþróttir hjá Öllu einu sinni í viku.




Útiveran í vetur var mjög takmörkuð og spilaði kuldinn sína rullu þar en þrátt fyrir það gátum við farið í margar ferðir. Regnbogahópur fór t.d. á Landnámssýninguna, skólaheimsóknir í Selásskóla, í Tónskóla Sigursveins og í hesthúsin þar sem þau fengu að kynnst hestunum, kemma þeim og fara á bak.

Stjörnuhópur fór í Þjóðminjasafnið og á námskeiðið „Húsdýrin okkar“ í Fjölskyldu-og húsdýragarðinu, þá fór Skýjahópur í sögustund á bókasafninu þar sem tekið var einstaklega vel á móti þeim.

Morgunverður með foreldrum hófst á vorönninni þar sem foreldrum gefst kostur á að koma einu sinni í viku, borða morgunmat og eiga gæðastund með barninu, kynnst betur starfsfólkinu og öðrum foreldrum. Hafa þessar morgunstundir verið vel sóttar og almenn ánægja með þær.

Í maí fór bókaormurinn af stað á milli barnanna, þau börn sem fengu orminn máttu koma með bók að heiman og hún var svo lesin í samverustund þann daginn. Þetta verkefni var svo skemmtilegt að við ætlum að gera þetta aftur næsta vetur.



UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Endurmat	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
	Persónu- brúður. (? Komu þær ekki eins reglulega og ætlunin var)	Koma einu sinni í mánuði frá ágúst til júní í samverustund þar sem rætt er efni tengt barnasáttmála sameinuðu þjóðanna.	Deildastjóri	Í janúar og maí 2024	Umræður á deildarfundi.	Betri þekking og umburðarlyndi barna og starfsmanna.



	Festa vináttuverkefnið Blæ betur í sessi.	Hafa Blæ samverustund einu sinni í viku til að efla okkur í að vinna með málefni sem auka félags- og tilfinningaþroska barna.	Allir starfsmenn deildarinnar.	Í janúar og maí 2024	Umræður á deildarfundi.	Að starfsfólk upplifi að börnin nýti sér námsefnið í daglegu starfi.
--	---	---	--------------------------------	----------------------	-------------------------	--

3.4 Bali

Aðlögun á Bala gekk ágætlega, 7 börn komu til okkar frá Lundi og þrjú annars staðar frá. Vetrarstarfið á Bala byrjaði 12.september á hópastarfi fyrir hádegi tvisvar í viku. Lubbastundir og Blæstundir gengu mjög vel hjá Regnbogahóp og Stjörnuhóp en efnið var ekki að henta fyrir Skýjahóp og því þarf að einfalda það fyrir næsta vetur. Skipulag deildarinnar hélst allan veturinn sem skapaði öryggi og festu fyrir barnahópinn. Áhersla var lögð á fínhreyfingar (teikna, perla, klippa, púsla o.s.frv.) og við bættum okkur í að vinna með tákni vikunnar. Fyrir næsta vetur langar okkur að bæta stærðfræði í hópastarfið og vinna með einingakubba sérstaklega fyrir Stjörnu- og Skýjahóp.



Bangsi minn, Bangsi minn

Þemu ársins gengu mjög vel. Við fræddum börnin um hvert þema fyrir sig og síðan var ýmislegt skapað í tengslum við efnið. Bökunardagurinn var skemmtilegur og börnin áhugasöm. Jólamánuðurinn var skemmtilegur með jólaleikriti, -föndri, -söngvum og jólaflæði þar sem öll börn leikskólans tóku þátt en mjög kalt var í mánuðinum svo við fórum lítið út.

Regnbogahópur hafði samstarf við Selásskóla, heimsótti 1.bekk og fór á bókasafnið, þá var þeim boðið í Borgarleikhúsið og ferðirnar í heimahaga stóðust að mestu leyti. Landnámssetrið var heimsótt og sungið á Barnamenningarhátíðinni svo eitthvað sé nefnt.

Stjörnuhópur fór á Þjóðminjasafnið og í Húsdýragarðinn og Skýjahópur fór á bókasafnið.



Persónubrúðurnar, Kolbrún og Marco komu einu sinni í mánuði í heimsókn til að fjalla um málefni tengd Barnasáttmála Sameinuðu Þjóðanna. Útinám og önnur hreyfing var á dagskrá einu sinni í viku. Málörvun var sinnt í öllu starfi með börnunum t.d. samveru- og tónlistarstundum, málörvunarhópum o.fl. og tvítyngdu börnin fengu svo auka málörvun.



Flæði var einu sinni í viku milli deilda. Það kom vel út og börnin sýndu áhuga.

Börnin eru farin að bjarga sér sjálf í kaffitímanum og finnst gaman að fá að vera sjálfstæð.

Kaffi fyrir foreldra (bóndakaffi, konukaffi) gekk vel. Morgunmatur með foreldrum á miðvikudagsmorgnum gekk vel í byrjun en varð erfiðara um tíma vegna viðgerða á húsnæði og plássleysis sökum þess.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Endurmat	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
	Vinna meira með stærðfræði	Vinna með einingakubba, tölur og form	Starfsmenn deildarinnar	Vor 2024	Umræður á deildarfundi	Form- og talnaskilningur aukist
	Blær fyrir Skýjahóp	Einfalda stundirnar og verkefni	deildarstjóri	Vor 2024	Umræður á deildarfundi	Börnin skilji og njóti stundanna



4 Innra mat sérkennslu

Stefna Reykjavíkurborgar er að öll börn hafi jafnan rétt til þátttöku í öllu starfi leikskólans en ávallt skal miðað við þarfir hvers og eins. Börn með fötlun, frávik í þroska eða aðrar sérþarfir fá sérkennslu. Er grunur vaknar um slíkar þarfir er haft samband við sérkennslustjóra sem býr til erindi þess efnis sem sent er til skólasviðs Austurmiðstöðvar. Miðstöðin er til ráðgjafar og handleiðslu, ásamt því að sjá um frumgreiningar og vísa til annarra stofnana. Allar framkvæmdir við að meta hvort barn þurfi inngrip eða sértæka þjónustu eru í samráði við foreldra.

Í leikskólanum er það sérkennslustjórinn sem ásamt leikskólastjóra og deildarstjóra er ábyrgur fyrir því að gerðar (gerð eða uppfærð) séu einstaklingsnámsskrár og að þeim sé framfylgt. Í einstaklingsnámsskrá er lögð áhersla á að barnið verði fullgildur meðlimur í leikskólasamfélaginu og allir starfsmenn deildarinnar taki virkan þátt í að ná settum markmiðum. Sérkennslan er í höndum þroskaþjálfara, leikskólasérkennara eða einstaklings með aðra háskólamenntun. Sérkennsla fer fram í öllu starfi leikskólans og í vinnustundum þar sem einstaklingsþjálfun fer fram.

Í dag vinna í Heiðarborg einn þroskaþjálfari, einn leikskólasérkennari og tveir stuðningsfulltrúar.

Mat á sérkennslu 2022-2023

Skipulagning sérkennslu 2022-2023 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl.?	Sérkennsla fer fram bæði inni á deild og í vinnustundum. Unnið er eftir hugmyndum um atferlisíhlutun og Skipulagðri kennslu og skráð samkvæmt því.
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.	Efi-2, Hljóm-2, AEPS og ABLLS-r
Hvaða námsefni var notað? Vorur t.d notuð aðkeypt námsgögn?	Námshöggn eru bæði aðkeypt og búin til í leikskólanum. Keypt voru m.a. málörvunarspil, skynjunarleikföng, ljósalampar, svart tjald til að hafa í ljósaskynjun, hátalari og bækur fyrir málörvun.



4.1 Umbótaáætlun sérkennslu 2023-2024

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir	Viðmið um árangur
	Að starfsfólk þekki áherslur í einstaklingsnám skrá stuðningsbarna	Sérkennslu stjóri sitji deildarfundum a.m.k einu sinni í mánuði	Sérkennslustj./deildarstjóri viðkomandi deildar	Sept. 2023	Júní 2024	Á deildarfundum	Þegar starfsfólk telur sig meðvitað um þau markmið sem verið er að vinna að með hverju og einu sérkennslubarni
	Innleiða PECS.	Starfsfólk sem vinnur náði með sérkennslubarni fer á námskeið.	Sérkennslustj./deildarstjóri/verkefnastjóri	Sept. 2023	Júní 2024	Skráning á lærðum myndum.	Þegar barn er farið að nota boðskiptakerfið PECS og starfsfólk skilur barnið.
	Efla notkun TMT	Að TMT sé notað í daglegur starfi leikskólans.	Sérkennslustj./sérkennslufólk/deildarstjóri	Sept. 2023	Júní 2024	Skrá niður lærð tákn sérkennslubarna.	Þegar sérkennslubarnið getur gert sig skiljanlegt með því að nota tákn.
	Að allt starfsfólk noti sjónrænan stuðning.	Sérkennslustjóri sitji deildarfundum a.m.k einu sinni í mánuði.	Sérkennslustj./Deildarstjóri / verkefnastjóri	Sept. 2023	Júní 2024	Sérkennslustjóri fylgist með á deild.	Þegar barnið notar sjónræna skipulagið markvisst



5 Innra mat – fjöltyngd börn

Öll börn með íslensku sem annað mál fá málörvunarstundir sem fara fram á deildunum í gegnum leik, samveru, söng- og hópastundir sem og í öllum athöfnum daglegs lífs. Lögð er áhersla á að hafa sjónrænt dagskipulag. Á yngstu deildinni eru eingöngu íslenskumælandi kennarar til að börnin heyri „rétt“ íslensk málhljóð og orð frá byrjun. „Í upphafi á vel að vanda ef lengi á að standa.“ Á öllum deildum er stuðst við „Lubbi finnur málbein“ og innleiðingu „Tákn með tali“ auk þess að hafa sjónrænt dagskipulag og „Gefðu tíu.“ Notaðir eru hæfniramar, staðlaðir af Reykjavíkurborg, til að meta stöðu barnsins í íslensku máli. Fjármagn sem fékkst vegna fjöltyngdra barna var nýtt til að kaupa kennslugögn, s.s. spil og bækur. Aðstoðarleikskólastjóri var tengiliður fjölmenningar í vetur og sinnti málörvun inni á deildum eins og hægt var. Sérkennslustjóri tók börn sem mest þurftu á því að halda í einstaklings og hópa málörvun. Eitt barn fékk einstaklingsmiðaða stuðningskennslu í 4 klst. á dag.

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2023

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Í ár var fjármagnið nýtt til kaupa á bókum, leikföngum og spilum.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Unnið er með orðaforða á öllum tímum dagsins. Einnig er unnið með <i>Lubbi finnur málbein</i> inni á deildum ásamt <i>Gefðu 10</i> . Þá er unnið markvisst með Tákn með tali.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Mikið er lesið og sungið í söng- og samverustundum inni á deildum. Orð eru lögð á athafnir og notast við myndrænt skipulag ásamt TMT.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Gerðar eru einstaklingsáætlanir. Lagt er fyrir börnin Efi-2 og Hljóm-2 til að vita hvar þau eru stödd og hvort þau þurfi að fara í málörvunarhóp eða einstaklingsþjálfun. Þá eru Hæfniramar nýttir til að meta stöðu barnanna og framfarir í íslensku og einstaklingsáætlanir unnar út frá þeim.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Hugað er að öllum þáttum máls og virkni barna með markvissri málörvun inni á deild, í málörvunarstundum og í öllu daglegu starfi með barninu.



5.1 Umbótaáætlun -fjöltyngi 2023-2024

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
	Halda betur utan um fjöltyngd börn og aðstandendur þeirra.	Skráning og eftirfylgd. <i>Gefðu 10.</i> Bjóða upp á túlk í aðlöguninni, ef þarf.	Tengiliður fjölmenningar og deildarstjórar	Sept. 2023	Mai 2024	Upplifun foreldra fengin í spjalli eða með foreldrakönnun	Að upplifun foreldra sé almennt jákvæð
	Auka fræðslu til foreldra og aðstoða þá til að komast betur inn í samfélag skólans og hjálpa með því börnunum að aðlagast betur og læra málið.	Bjóða foreldrum inn í skólann s.s. í morgunmat, skipulagðar stundir og uppákomur.	Tengiliður fjölmenningar og stjórnendateymi skólans	Sept 2023	Mai 2024	Með viðhorfskönnunum	Að foreldrar upplifi sig tilheyra betur samfélagi skólans og samskipti og samhjálp aukist.



6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtölin voru tekin í febrúar og mars og gengu mjög vel. Flest starfsfólkið er sátt, því líður vel og hlakkar til að mæta í vinnuna. Við þurfum samt alltaf að vera vel vakandi, hver og einn að vinna í sjálfum sér og leggja sitt af mörkum, taka tillit til og virða skoðun annarra. Samræður eru mikilvægar sem og samstarfsviljinn og hjálpsemin. Gæta þarf jafnræðis og þess að koma upplýsingum til starfsmanna.

Námskeið	Lengd	Hverjir sóttu	Hvenær
Fræðsla um málstefnu	2klst.	Leikskólastjóri	Ágúst 2022
Námskeið í smábarnalistanum	8klst.	Sérkennslustjóri	Ágúst 2022
Málörvun með sögum og söngvum	18klst.	Deildarstjóri	Veturinn
Talaðu við mig	18klst.	Deildarstjóri og sérkennslustjóri	Veturinn
Innra mat – þróunarverkefni	21klst.	Skólustjórnendur	Veturinn
Trúnaðarmannanámskeið	48klst.	Trúnaðarmaður Eflingar	Veturinn
Íslenskunámskeið	15klst.	Erlendur starfsmaður	Veturinn
Örnámskeið v/kynferðisofbeldis	1klst	Aðstoðarleikskólastjóri	Sept. 2022
ADHD fræðsla	1,5klst.	Allt starfsfólk	Sept. 2022
Fræðsla um umhverfisvernd	1,5klst.	Allt starfsfólk	Sept.2022
Menntakvika	2klst.	Einn leiðbeinandi	Okt.2022
Leiðtogi framtíðarinnar	15klst.	Leikskólastjóri	Veturinn
Öryggisvarðarnámskeið	8klst	Aðstoðarleikskólastjóri	Okt. 2022
Völunámskeið	2,5klst.	Leikskólastjóri	Nóv.2022
Kennsla barna með flóttabakgrunn	3,5klst.	Leikskólastjóri og deildarstjóri	Nóv.2022
Efi-2	3,5klst.	Deildarstjóri	Nóv.2022
Umhverfið sem þriðji kennarinn	2klst.	Allt starfsfólk	Nóv.2022
Efi-2	2klst.	Aðstoðarleikskólastjóri	Feb. 2023
Vinnusmiðjur BBB	12klst	Leikskólastjóri, sérkennslustjóri og deildarstjóri	Mars 2023
Námskeið fyrir nýja stjórnendur	10klst.	Leikskólastjóri	Apr. og maí
Fræðsla v/fatlaðra erl. barna	2klst	Sérkennslustjóri	Apríl 2023
Bitsboard námskeið	3klst.	Sérkennari	Apríl 2023
Ráðstefna um börn og fatlanir	16klst	Sérkennslustjóri	Maí 2023



7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarf leikskólans við Selásskóla verður með svipuðum hætti og verið hefur. Elstu börnin í leikskólunum Heiðarborg, Blásölum og Rauðaborg hafa verið í samstarfi við Selásskóla og Hestamannafélagið Fák og eru reglulegar heimsóknir ýmist í Selásskóla, Hestamannafélagið eða á sameiginlega svæðið okkar sem kallast Heimahagar.

Dagsetning og tími	Viðburðir	Staðsetning	Ábyrgð
13.okt	1.bekkur heimsækir leikskólann	Heiðarborg	Deildarstjórar elstu barna sjá um skipulag heimsóknarinnar.
1x til 2svar í mánuði	<i>Stígur á milli stiga</i> , elstu börn leikskólans hitta jafnaldra og 1.bekk í heimahögum.	Heimahagar	Kennarar beggja skólastiga
16.nóvember	5.bekkur í Selásskóla les fyrir börnin í Heiðarborg í tilefni af degi íslenskrar tungu.	Heiðarborg	Stjórnendur og umsjónakennarar 5.bekkjara.
Janúar - mars	Skólaheimsóknir í Selásskóla	Selásskóli	Umsjónakennarar 1. bekkjara sjá um skipulag heimsóknarinnar
Mars	Heimsókn í hesthúsin	Hesthúsin	Starfsmaður hesthúsanna
Maí	Ratleikur	Skólalóð Selásskóla	Kennarar fyrstu bekkjara
Júní	Farið á hestbak í Reiðskólanum	Reiðskóli Reykjavíkur	Starfsmenn Reiðskólans
Ágúst-nóvember og júní	Fundur kennara leik- og grunnskóla. Farið yfir áætlun og samstarf skólastigana.	Selásskóli	Kennarar beggja skólastiga



8 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Á komandi starfsári verðum við með fjóra heila skipulagsdaga og tvo hálfra. Fyrsti skipulagsdagurinn verður mánudaginn 21. ágúst og verður hann nýttur í að undirbúa aðlögunina og vetrarstarfið. 29. september verður síðan hálfur skipulagsdagur, það er frá klukkan 12.00, en síðan er sameiginlegur starfsdagur skólanna í hverfinu föstudaginn 24. nóvember. Eftir áramótin verður annar sameiginlegur skipulagsdagur, á degi leikskólans, þann 6. febrúar og að lokum verðum við með tvo og hálfan skipulagsdag í maí dagana fyrir hvítasunnuhelgina. Heiðarborg hefur ítrekað reynt að komast í námsferð erlendis án árangurs og er ætlunin að gera eina tilraun til viðbótar með von um að það takist í þetta sinn og verða skipulagsdagarnir í maí nýttir í ferðina.



Leikskóladagatal 2023 - 2024

Nafn skóla:

Heiðarborg

AGÓST	SEPTEMBER	OCTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRIL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1. Þ	1. F	1. S	1. M	1. F	1. F	1. F	1. M	1. M	1. M	1. F	1. M
2. M	2. L	2. M	2. F	2. L	2. F	2. L	2. Þ	2. F	2. F	2. Þ	2. Þ
3. F	3. S	3. Þ	3. F	3. S	3. L	3. S	3. M	3. F	3. F	3. M	3. M
4. F	4. M	4. M	4. L	4. M	4. S	4. M	4. F	4. L	4. L	4. Þ	4. F
5. L	5. Þ	5. F	5. S	5. Þ	5. M	5. Þ	5. F	5. S	5. S	5. M	5. F
6. S	6. M	6. F	6. M	6. M	6. L	6. M	6. L	6. M	6. M	6. F	6. L
7. M	7. F	7. L	7. Þ	7. F	7. S	7. Þ	7. S	7. Þ	7. Þ	7. F	7. S
8. Þ	8. F	8. S	8. M	8. F	8. M	8. F	8. M	8. M	8. M	8. L	8. M
9. M	9. L	9. M	9. F	9. L	9. F	9. L	9. Þ	9. F	9. F	9. M	9. M
10. F	10. S	10. Þ	10. F	10. S	10. L	10. S	10. M	10. F	10. F	10. Þ	10. M
11. F	11. M	11. M	11. L	11. M	11. S	11. M	11. F	11. L	11. L	11. Þ	11. F
12. L	12. Þ	12. F	12. S	12. Þ	12. M	12. Þ	12. F	12. S	12. S	12. M	12. M
13. S	13. M	13. F	13. M	13. M	13. L	13. M	13. Þ	13. F	13. F	13. Þ	13. M
14. M	14. F	14. L	14. Þ	14. F	14. S	14. M	14. M	14. L	14. Þ	14. F	14. S
15. Þ	15. F	15. S	15. M	15. L	15. F	15. M	15. M	15. L	15. M	15. Þ	15. M
16. M	16. L	16. M	16. F	16. S	16. Þ	16. M	16. F	16. S	16. F	16. M	16. M
17. F	17. S	17. Þ	17. F	17. M	17. L	17. M	17. Þ	17. F	17. F	17. Þ	17. M
18. F	18. M	18. M	18. L	18. M	18. S	18. M	18. F	18. L	18. M	18. Þ	18. M
19. L	19. Þ	19. F	19. S	19. Þ	19. M	19. Þ	19. F	19. S	19. F	19. M	19. M
20. S	20. M	20. F	20. M	20. M	20. L	20. M	20. Þ	20. F	20. F	20. Þ	20. M
21. M	21. F	21. L	21. Þ	21. F	21. S	21. M	21. M	21. L	21. M	21. Þ	21. M
22. F	22. S	22. Þ	22. F	22. M	22. L	22. M	22. Þ	22. F	22. F	22. M	22. M
23. L	23. M	23. M	23. F	23. S	23. Þ	23. M	23. F	23. S	23. F	23. M	23. M
24. S	24. M	24. F	24. M	24. M	24. L	24. M	24. Þ	24. F	24. F	24. Þ	24. M
25. M	25. F	25. L	25. Þ	25. F	25. S	25. M	25. M	25. L	25. M	25. Þ	25. M
26. F	26. S	26. Þ	26. F	26. M	26. L	26. M	26. Þ	26. F	26. F	26. M	26. M
27. L	27. M	27. M	27. F	27. S	27. Þ	27. M	27. F	27. S	27. F	27. M	27. M
28. S	28. M	28. F	28. M	28. M	28. L	28. M	28. Þ	28. F	28. F	28. M	28. M
29. M	29. F	29. L	29. Þ	29. F	29. S	29. M	29. M	29. L	29. M	29. Þ	29. M
30. F	30. S	30. Þ	30. F	30. M	30. L	30. M	30. Þ	30. F	30. F	30. M	30. M
31. L	31. M	31. M	31. F	31. S	31. Þ	31. M	31. F	31. S	31. F	31. M	31. M

9 Fylgigögn

9.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans Heiðarborgar

Jóhanna Benný Hannesdóttir
Leikskólastjóri

23.06.2023
Dagsetning



Fylgiskjal 3

Starfsáætlun 2023 – 2024 Heiðarborg

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Ástríður Jónsdóttir - formaður

Jónína Guðný Magnúsdóttir

Trausti Jónsson



Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt lögum um leikskóla, nr. 90/2008, skal vera starfandi foreldraráð við hvern leikskóla.

- Í foreldraráði sitja að lágmarki þrjú foreldrar.
- Leikskólastjóri hefur frumkvæði að kosningu í foreldraráð.
- Foreldrar kjósa fulltrúa sína í foreldraráð í september ár hvert til eins árs í senn.
- Leikskólastjóri ber að starfa með foreldraráði.
- Foreldraráð setur sér sjálft starfsreglur

Kosning í foreldraráð.

- Í september ár hvert skal leikskólastjóri hafa frumkvæði að kosningu í foreldraráð með því að boða alla foreldra formlega til fundar með tveggja vikna fyrirvara.
- Í fundarboðinu kemur fram hlutverk foreldraráðs samkvæmt lögum um leikskóla, nr. 90/2008. Framboð og kosning fara fram á sama fundi, kosið er til eins árs. Allir foreldrar hafa kosningarétt og kjörgengi. Atkvæðagreiðslan skal vera leynileg en leikskólastjóri er þó heimilt að leggja til á fundinum að atkvæði skuli greidd með handauppréttingu en til þess þarf samþykki meirihluta fundarmanna.

Hlutverk foreldraráðs er að:

- Gefa umsagnir til leikskólans og skóla- og frístundaráðs um :
 - o Skólanámskrá
 - o Starfsáætlun
 - o aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans
- Skóla- og frístundaráð verður að samþykkja skólanámskrá og starfsáætlun. Til að hægt sé að leggja þær fyrir ráðið þarf umsögn foreldraráðs að liggja fyrir
- Fylgjast með :
 - o framkvæmd skólanámskrár
 - o framkvæmd annarra áætlana innan leikskólans
 - o að skólanámskrá, starfsáætlun og aðrar áætlanir leikskólans séu kynntar fyrir foreldrum.

Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfinu. Foreldraráð fjallar ekki um málefni einstakra barna eða starfsmanna. Foreldrar geta óskað eftir því að stofnað verði foreldrafélag og skal leikskólastjóri þá aðstoða við stofnun þess. Foreldrafélag getur ekki tekið að sér verkefni foreldraráðs.

Umsögn foreldraráðs

Ummæli um fráfarandi starfsár

Á starfsári Heiðarborgar voru haldnir tveir fundir foreldraráðs með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra. Að auki var fulltrúi frá foreldraráðinu á fundi hjá matsteymi Heiðarborgar

- 27 janúar kl 14:30 Foreldraráðsfundur
- 6 febrúar kl 10:00 fundur hjá Matsteyminu
- 15 maí kl 14:00 Foreldraráðsfundur



Auk almennar upplýsingaveitu um þróun leikskólastarfs og starfsmann þess og aðstöðu voru eftirfarandi málefni tíðræð:

- Foreldrasamstarfs. Hvernig er hægt að bæta það?
- Nálgun leikskólans við foreldra og börn þar sem foreldrar standa í eða eru skilin.
- Starfsmannamál, tíðar starfsmannabreytingar og breytingar á yfirstjórn skólans.

Vill foreldraráð taka sérstaklega fram hversu vel nýskipaður leikskólastjóri Heiðarborgar hefur staðið sig í sínu starfi og náð að halda starfsemi tiltölulega óraskaðri þrátt fyrir krefjandi aðstæður.

Starfsáætlun Heiðarborgar

Markmið Heiðarborgar eru góð og vel skilgreind og leiðir að markmiðum eru einnig vel skilgreind. Þó mætti útfæra leiðirnar með nákvæmari hætti, td setja sér milli-markmið sem eru tímasett gegnum allt starfsárið og að staða sé tekin á verkefnum um mitt tímabil. Einnig mætti vera nákvæmar lýst í starfsáætlun hvernig á að ná markmiðunum.

- Ánægja er með aðgerðir í mars er foreldrastarfið var aukið þegar Heiðarborg bauð foreldrum að borða morgunmat með börnunum. Athugasemd var þó gerð við að gæta þarf þess að starfsfólk bjóði foreldra velkomin í morgunmatinn og þá sérstaklega pabbana.
- Mikil ánægja er með það frelsi og umboð starfsfólksins í leikskólakennaranáminu til að hafa áhrif á starf skólans og koma með nýjar og ferskar hugmyndir.
- Ánægja var með tónleikana sem eldri börnin héldu um jólin sem foreldrum var boðið upp á sem og samstarfið við tónskóla Sigursveins varðandi tónlist Rögggu Gísla og þátttöku í samkór leikskóla Reykjavíkur í Hörpu.
- Foreldraráð saknar þess að sjá áætlanir um samstarf við Árbæjarskóla/Norðlingaskóla fyrir þau börn sem eiga eftir að sækja nám í þeim skólum.

Hugmyndir og tillögur frá foreldraráði Foreldraráð:

- Óskar foreldraráð eftir því að á hausmánuðum gefi leikskólastjóri foreldraráði vettvang til að vera kynnt á skipulagðan hátt fyrir foreldrum allra deilda og fólk boðið að bjóða sig fram. Lagt verið áhersla á að ná að minnsta kosti einu foreldri frá hverri deild og að í hópnum sé foreldri af erlendum uppruna.
- Skoðað verði sérstaklega hvernig foreldraráð geti nálgast foreldra. Getur foreldraráð sent könnun á foreldra í eigin nafni eða komið skilaboðum áleiðis til þeirra með einhverjum hætti? (mögulega hægt í gegnum leikskólastjóra)
- Foreldrar séu minntir á tilvist foreldraráðs með reglulegu millibili yfir árið og hvernig þeir geti komið ábendingum til ráðsins.

Foreldrasamstarf:

- Foreldrar taka þátt í að skreyta fyrir jólaball
- Foreldrum verði boðið upp á föndurkvöld eða föndra með börnunum í starfi
- Íþróttaleikar fyrir börn og foreldra með fánum og allskonar íþróttum (hopp, hlaup, sipp, húlla...)



- Foreldrafélagið sé kynnt sérstaklega, upplýsingar um stjórn foreldrafélagsins sé auðsýnileg í anddyri leikskólans ásamt upplýsingum um hvernig hægt sé að koma hugmyndum á framfæri við þau.

Nálgun leikskólans við foreldra og börn þar sem foreldrar standa í eða eru skilin

- Að gæta þess að báðir foreldrar fái jafnan aðgang að upplýsingum er varða barnið og starfið, upp að því marki sem leyfilegt er innan laga.
- Gæta þess að báðir foreldrar fái boð í foreldrasamtöl og á viðburði innan skólans. Gæta þarf sérstaklega að því þegar foreldrar eru með viku/viku skiptingu, þegar annað foreldri kemur e.t.v. ekki í skólann í heila viku.

Leikskólastarf

Almennt er leikskólastarfið fjölbreytt og skemmtilegt með ýmis konar uppákomur sértaklega fyrir Regnbogahóp. Skoða mætti að bjóða upp á meiri fjölbreytni fyrir yngri hópana eins og hægt er.

- Bókamaverkefnið mætti aðlaga líka að stjórnuhópnum til að vekja áhuga barna á lestri og bókum frá yngri árum.
- Að almennt undurbúa elstu hópana, bæði regnbogahóp og stjórnuhóp fyrir skólann, rökhugsun, gagnrýna hugsun og framsögu. Dæmi:
 - o Lestur fréttta og umræður í kringum þær (auðvitað ekki eitthvað umdeilt en td fréttir úr hverfisblaðinu um nýja brú eða fréttir úr vísindaheiminum). Af hverju er mikilvægt að lesa fréttir og á gagnrýnin hátt
 - o Láta krakkana taka þátt í lýðræðislegri kosningu. Dæmi. Fulltrúi deildarinnar þar sem börnin saman skipuleggja hlutverk fulltrúans, börnin geta svo boðið sig fram ef þau vilja og svo verið með kosningaræðu um af hverju þau ættu að vera kosin og svo kosningar
 - o Láta börnin rökstyðja val sitt í td flæði eða annað val og í hvað þau ættu að vilja verja tímanum sínum.
 - o Biðja börnin að velja viðfangsefni sem þau svo rannsaka með foreldrum sínum og kynna fyrir hinum börnunum í leikskólanum (er þá einnig foreldrasamstarf)
- Að vinnubrögð starfsmanna við móttöku og kveðjustundir barna séu samræmdar (foreldrum og börnum sé boðin góðan daginn og þau kvödd. Starfsfólk mætti taka þátt í að minna börn á að svara og bjóða góðan dag á móti).

Að lokum vill foreldraráð árétta ánægjulegt samstarf við leikskólastjóra og við hlökkum til áframhaldandi samstarfs á næstu árum.

Ástríður Jónsdóttir – formaður
Jónína Guðný Magnúsdóttir
Tausti Jónsson



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:



